

Heiðarskóli



V ALGREINAR



9. BEKKUR 2009—2010

Námsskipan og valáfangar í 9. bekk

skólaárið 2009 - 2010

Senn fer þessu skólaári að ljúka og nemendur í 8. bekk þurfa að fara að huga að námi sínu næsta vetur. Í þessu hefti eru lýsingar á þeim valáföngum sem verða í boði næsta skólaár. Einnig er sagt frá fjölda kennslustunda í kjarnagreinum og skýrt frá inntökuskilyrðum í framhaldsskóla.

Miðað er við að nemandi í 9. bekk hafi að lágmarki 37 kennslustundir á stundatöflu. Allir nemendur stunda nám í kjarnagreinum en gefst síðan kostur á að velja sér námsgreinar þar fyrir utan.

Tilgangur með valfrelsi er að gera nemendum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Þeir þurfa að horfa til framtíðar, gera upp við sig hvert þeir vilja stefna og meta af raunsæi hvað þeir þurfa að gera til að ná takmarki sínu.

Fjölmargar valgreinar eru í boði í Heiðarskóla í list- og verkgreinum en einnig í bóklegum greinum. Flestar kjarnagreinar eru bóklegar og gott er fyrir nemendur að skoða val sitt í því ljósi. Það getur verið hentugt fyrir marga nemendur að velja einhverjar verklegar greinar til þess að námið verði fjölbreyttara. Mikilvægt er að nemendur fari vel yfir lýsingar á valgreinum með foreldrum/ forráðamönnum sínum og íhugi vandlega hvað sé æskilegt að velja. Einnig getur verið gott fyrir nemendur að ræða við umsjónarkennara, kennara einstakra greina eða námsráðgjafa og fá hjá þeim leiðsögn. Nemendur skulu varast að velja valgrein einungis af því að besti vinur velur hana.

Bent skal á að allar valgreinar hafa sama vægi og í lýsingunum á þeim kemur fram hvernig námsmati verður háttað.

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Þær eru jafn mikilvægar og kjarnagreinar og sömu kröfur eru gerðar um ástundun og námsframmistöðu.

Það skal tekið fram að aðstæður geta orðið á þann veg að erfitt getur reynst að verða við aðal óskum nemenda um valgrein og er þá vara valkostur tekinn. Einnig áskilur skólinn sér rétt til að fella niður námstilboð ef umsækjendur eru of fáir.

Skipulag á stundatöflu næsta vetrar tekur mið af valgreininum og því verða breytingar á vali ekki mögulegar eftir að skóli hefst á komandi hausti.

Það er von okkar að allir nemendur finni áhugaverða valkosti.

Nemendur eru beðnir að skila undirrituðum valblöðum til umsjónarkennara 22. apríl 2009

Með góðum kveðjum.
Skólastjórnendur.

Náttúrufræðigreinar

Mannslíkaminn

Markmið

Að nemendur:

- öðlist aukna þekkingu á starfsemi mannslíkamans
- öðlist aukna færni við verklega vinnu
- þjálfí sjálfstæð vinnubrögð
- læri skýrslugerð

Kennslutilhögun

Unnið bæði bóklega og verklega, krufning og athuganir. Við hvert efnisatriði verða einhverskonar skil, s.s. hugtakakort, kennaralegar spurningar, útdrættir og skýringamyndir. Unnið verður bæði einstaklingslega og í hópum.

Námsmat

Verkefnamappa, sem inniheldur skýrslur, verkefni, vinnuferla o.fl. 70%, sjálfsmat nemenda 10 %, ástundun, vinnubrögð og umgengni 20 %

Náttúrufræði/tilraunir

Markmið

Að nemendur:


- fái tækifæri til að öðlast dýpri þekkingu á greininni, með beinni snertingu við viðfangsefnið
- læri að umgangast efni og áhöld sem fylgja tilraununum
- læri að þekkja þær hættur sem geta leynst í tilraunum
- læri skýrslugerð

Kennslutilhögun

Valið er hugsað fyrir þá sem hafa mikinn áhuga á náttúrufræði og vilja öðlast aukna þekkingu á greininni. Kennslan fer fram að miklu leyti í formi tilrauna og verklegri vinnu. Nemendur lesa sér til um ákveðið efni og gera tilraun um efnið. Nemendur gera skýrslu um tilraunina og sýna þannig fram á niðurstöður.

Námsmat

Tilraunir og skýrslur 50%, vinnulag og umgengni 20%, áhugi og virkni 20%, ástundun 10%



List- og verkgreinar

Bakstur

Markmið

- að nemendur þjálfist í mismunandi bakstursaðferðum
- að nemendur geti unnið sjálfstætt eftir mismunandi uppskriftum og þjálfri verklega færni

Kennslutilhögun

Nemendur baka gerdeig, hrært deig, þeytt deig, sætt og ósætt eftir mismunandi uppskriftum, frágangur.

Námsmat

70% frammistaða í tímum, samvinna, vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum, frágangur, 30% verklegt próf í lok annar.

Textíl

Markmið

Að nemendur

- læri undirstöðuatríðin í prjóni, hekli, útsaumi, þæfingu og fatasaumi
- læri að fara eftir skriflegum leiðbeiningum og einföldum uppskriftum
- rifji upp kunnáttu frá fyrra textílnámi

Kennslutilhögun

Í fyrstu tímunum vinna nemendur litlar prufur og setja í möppu. Nemendur velja sér síðan verkefni út frá þessum flokkum í samráði við kennara og fullvinna það. Nemandi fær þjálfun í að móta hugmynd og vinna út frá henni fullunnið verk.

Námsmat

Prufumappa 40%, verkefni 30%, iðni, áhugi, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð 20% og heimavinna 10%

Gler

Markmið

Að nemendur:

- þekki og kunnir að nota þau verkfæri sem til þarf við vinnslu á glerverkefnum
- nýti sér tölvutækni við hugmyndaleit
- læri að búa til nytjahlut
- geti metið á sjálfstæðan hátt hvaða kröfur eru gerðar til vandvirkni og frágangs
- geti unnið sjálfstætt og haldið sér við verkefni
- hafi fengið innsýn í og öðlast þekkingu á vinnsluaðferðum við glervinnslu

Kennslutilhögun

Mósaik. Nemendur kynnast og fá tilsögn um mósaik og gerð hennar. Nemendur mega nýta sér hugmyndir af veraldarvefnum og úr bókum við gerð verkefna. Nemendur fá kennslu í hvernig nota á verkfæri sem til þarf. Kennarinn verður með ákveðin verkefni en nemendur ráða útliti hlutarins.

Gler. Nemendur kynnast glervinnu og fá bækling um gler ásamt ýmsu öðru. Nemendur eru æfðir í að skera gler og læra að þekkja muninn á gleri. Nemendur hanna sína eigin útfærslu á ýmsum glerverkefnum og nota ýmis form og liti.

Tiffanýs. Nemendur kynnast Tiffanys glervinnu og hanna sinn eigin hlut í samráði við kennarann.

Námsmat

Ástundun, virkni í tímum, hegðun, verklægni og framfarir (30%)

Hvert verkefni er metið til einkunnar: bræðsla/gler (35%), mósaík (20%), tiffanys (15%)

Myndlist

Valið í myndlistinni er hefðbundið myndlistarnám, hugsað eins og námskeið í listaskóla. Myndlistarnám felur í sér ákveðið ferli sem má skilgreina sem færniþættina: sköpun, túlkun og tjáningu annars vegar og skynjun, greiningu og mat hins vegar. Kennslan byggist á að þroska færni nemanda á þessum sviðum. Nemendur vinna verkefni sem fela í sér hugmyndavinnu, skissugerð og útfærslu.

Lögð er áhersla á öguð vinnubrögð en verkefnaval fer eftir hópunum og því hvernig önnin vinnst.

Nemendur kynnast ýmsum listastefnum t.d. súrrealisma, popplis og vinna jafnvel sjálfstætt út frá listamönnum svo sem Erro og Salvador Dali.

Unnið út frá listasögunni skriflega eða verklega. Nemendur kynnast listasöfnum og listamönnum á netinu, í bókum, myndbandsspólum og á DVD diskum.

Farið á listasöfn og sýningar og listamenn ef til vill heimsóttir.

Námsmat

Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, uppdretti og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnar til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Verkmappa 40%, vinnubrögð 20%, frumkvæði 20% og hegðun 20%.

Prívídd

Nemendur vinna verkefni sem fela í sér hugmyndavinnu, skissugerð og útfærslu.

Unnið er í prívídd á margvíslegan hátt, t.d. pappamassa og lögð er áhersla á öguð vinnubrögð. Verkefnaval fer eftir hópunum og því hvernig önnin vinnst.

Unnið út frá listasögunni, skriflega eða verklega. Nemendur kynnast listasöfnum og listamönnum á netinu, í bókum, myndbandsspólum og á DVD diskum. Farið á listasöfn og sýningar og listamenn ef til vill heimsóttir.

Námsmat

Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um

vinnuferlið, svo sem skissur, uppdrætti og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnar til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Verkefni/vinnubrögð 40%, ástundun 20%, frumkvæði 20% og hegðun 20%.

Götulist/veggjakrot.

Skissuvinna, teikning, hönnun, hugmyndavinna, myndræn tjáning.

Götumyndlist virðist vera að spretta upp sem eitt form myndlistar í dag.

Unnið verður á allt annað en veggi og nemendur reyna að átta sig á af hverju nútímamaðurinn hefur þörf fyrir að tjá sig með þessum hætti.

Sjá eftirfarandi tengla:

http://cityrag.blogs.com/main/ny_graffiti_steert_art/index.html

<http://www.graffiti.org/faq/werwath/werwath.html>

Lögð er áhersla á öguð vinnubrögð en verkefnaval fer eftir hópunum og því hvernig önnin vinnst.

Lokaverkefni gæti t.d. verið gert með einföldu forriti svo sem Photo Story eða Power Point.

Námsmat

Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um

vinnuferlið, svo sem skissur, uppdrættir og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnar til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Verkmappa 20%, lokaverkefni 20%, vinnubrögð 20%, frumkvæði 20% og

hegðun 20%.

Teiknimyndagerð/bókagerð

Skissuvinna, teikning, hönnun, hugmyndavinna, myndræn tjáning.

Nemendur skapa myndasögu sem er saga sögð með myndum.

Hægt er að gera myndasögu með hvaða formi sem er, letur er t.d. teiknað og raðað saman svo að við skiljum.

Myndasagan hefur fylgt maninum, t.d. hellamálverkin, myndletur Egypta, stafróf Grikkja, ekki má gleyma rúnalettrinu sem býr yfir innra samhengi, form og hugmynda og fleira mætti nefna. Hellamálverkin, list Egypta, Grikkja eru skoðuð ásamt teiknimyndum nútímans. Lögð er áhersla á öguð vinnubrögð en verkefnaval fer eftir hópunum og því hvernig önnin

vinnst.

Lokaverkefni verður gert með einföldu forriti svo sem Photo Story eða Power Point eða bók.

Námsmat

Virkni, frumkvæði og áhugi nemandans. Verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, uppdrætti og tillögur. Athugasemdir og tilraunir eru metnar til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Verkmappa 20%, lokaverkefni 20%, vinnubrögð 20%, frumkvæði 20% og hegðun 20%.

Dans

Kenndir verða samkvæmisdansarnir en einnig sóló dans í latin. Lögð verður áhersla á að allir geti dansað hvort heldur sé með dansfélagi eða einir. Mikið verður lagt upp úr alls kyns snúningum, fótlyftum og fettum. Nemendur læra hvernig tónlistin getur skapað dansinn og hvað hægt er að nota nútíma tónlist í nánast allan dans. Nemendur verða hvattir til að semja sinn eigin dans út frá þeim grunni sem þeir læra á námskeiðinu. Sett verður upp sýningaratriði sem nemendur vinna með kennara.

Námsmat

Virkni 60%, framfarir 20% tillitsemi og jákvæðni 10% og skapandi ferli 10%

Smíði (*kennd í FS*)

Markmið

Að nemandi fái innsýn í og öðlist þekkingu á efnum og vinnsluaðferðum við smíði nytjahlutar.

Kennslufyrirkomulag

Smíðakennslan fer fram í Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Kennslan byggist á einstaklingsmiðuðu námi þar sem hver einstaklingur hennar og býr til einhvern hlut t.d. hillu, skáp, borð eða annan nytjahlut úr timbri. Farið er í örlitla efnisfræði samhliða smíði og hönnun hlutarins og efnisvali.

1. vika. Áfanginn kynntur og unnið að frumhugmyndum nemandans. Nemendur teikna upp hugmynd og málsetja hana gróflega og taka með heim til að skoða við þær aðstæður sem þeir hugsa hlutinn í.
2. vika. Hugmyndin skoðuð með nemandanum og útfærð nánar. Farið í efnisval og útvegum á því.
3. vika. Smíði hefst.
4. - 15. vika. Smíði lýkur með fullunnu stykki með yfirborðsmeðhöndlun og öllu tilheyrandi.

Námsmat

Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum, verklægni og framförum á því sviði. Frágangi

smíðahlutar og allri vinnu við hann. Vinnslu hugmyndar til veruleika.

Hvernig nemandi tekur og vinnur úr þeirri tilsögn sem hann hlýtur í tímum.

Ástundun 15%, virkni í tímum 15%, verklægni 20%, frágangur hlutar og smíði 38% og vinnsla hugmyndar 12%

Leik- og sönglist

Markmið

- að nemendur fái þjálfun í almennri framkomu á sviði, radd- og líkamsbeitingu
- að nemendur efli/öðlist sjálfstraust og sköpunargleði
- að nemendur geti komið fram fyrir áhorfendur, sungið og eða haldið stuttar ræður/fyrirlestra

Kennslutilhögun

Kennslan byggist á léttum leiklistaræfingum, hópefliæfingum og spuna. Þá verður einnig farið í undirstöðuatriði í söng og túlkun, raddbeitingu, framkomu á sviði og notkun hljóðnema.

Námsmat

Virkni og áhugi 50%, frumleiki og túlkun 20% jákvæðni 20%, framfarir 10%

Tónlistarnám

Í samvinnu við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Nemendur sem stunda nám í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar geta fengið nám sitt metið sem

Íslenska og önnur tungumál

Hraðlestur

Markmið

Að nemendur:

- fái meiri áhuga á lestri
- auki lestrarhraða sinn
- auki lestrarskilning sinn
- geti lesið með mismunandi hraða eftir efni
- haldi áfram að æfa lestur eftir að vali lýkur

Kennslutilhögun

Nemendur æfa hraðlestur með ýmsum æfingum. Farið á bókasöfn. Heimalestur á hverjum degi.

Námsmat

Nemendur taka hraðlestrarpróf í upphafi annar og við lok annar. Árangur metinn. Einkunn samsett úr eftirfarandi þáttum: tímavinna 30%, framfarir 40%, lestrardagbók 30%

Skapandi skrif

Markmið

Að nemendur:

- öðlist færni í að koma hugsunum sínum og hugmyndum skriflega frá sér með
- ýmsum hætti
- kynnist mismunandi framsetningu á rituðum texta
- fái uppbyggjandi gagnrýni á eigin texta og vinni úr henni
- kynnist heimi ritstarfanna með umræðum og heimildaleit

Kennslutilhögun

Fyrst og fremst verða nemendur þjálfaðir í því að koma hugsunum sínum á blað með ýmsum hætti. Auk þess byggist kennslan á fyrirlestrum, umræðum og lestri á völdu efni, s.s. brotum úr þekktum skáldsögum, ljóðum, blaðagreinum, blogg færslum o.fl.

Námsmat

Ástundun og vinnubrögð 20%, virkni 30% og verkefnabók 50%.

Dansk er deilig

Markmið

Að nemendur öðlist meira öryggi í tungumálinu og auki þar með orðaforða sinn og færni jafnframt því að kynnast danskri menningu betur.

Kennsluhættir

Nemendur lesa danskar bækur og vinna verkefni. Ýmis orðaforðaverkefni þar sem unnið er bæði einstaklingslega og í hópum. Danskt efni á veraldarvefnum skoðað og unnin verkefni í tengslum við það.

Námsmat

Ástundun, sjálfstæð vinnubrögð, virkni 50%, hópverkefni 20%, einstaklingsverkefni 30%

Enska 2

Markmið

Að auka öryggi og færni þeirra nemenda sem eru búnir að ná þokkalegum tókum á tungumálinu. Mest áhersla lögð á að auka orðaforða og ritleikni.

Kennslutilhögun

Nemendur lesa tvær skáldsögur á ensku og vinna úr þeim verkefni. Í fyrri sögunni vinna nemendur í hópum og mynda svokallaða leshópa þar sem nemendur fara yfir og punkta hjá sér aðalatriði bókarinnar um leið og hún er lesin. Nemendur vinna síðan eitt hópverkefni. Seinni bókin verður unnin meira sjálfstætt. Nemendur vinna stafsetningarverkefni sem og ritunarverkefni og skila tveimur slíkum til kennara. Að auki verður unnið eitt hópverkefni.

Námsmat

Skáldsaga I hópverkefni	25%
Skáldsaga II próf	25%
Ritunarverkefni 1	10%
Ritunarverkefni 2	10%
Hópverkefni, ritun	10%
Vinna	20%

(Vinna nemenda í tímum, áhugi og almenn ástundun)

Aðrar greinar

Stærðfræði – meiri

Markmið

- að nemandi öðlist meiri leikni og þjálfun í stærðfræði
- að nemandi þekki sögu stærðfræðinnar

Námsefni

Vinkill og ljósrít frá kennara.

Kennslutilhögun

Farið verður dýpra í einstaka efnisþætti samhliða námsbókinni s.s. algebru, rúmfræði og líkindi ásamt því að nýir þættir verða teknir fyrir. Unnið verður með ýmis þemu. Þá verður saga stærðfræðinnar lítillega kynnt. Markmiðið er að styrkja nemendur undir áframhaldandi nám í stærðfræði bæði í 9. og 10. bekk og í framhaldsskóla. Nemendur vinna verkefni bæði í skólanum og heima.

Námsmat

Heimadæmi og próf 50%, verkefni 40%, hugtakakort 10%

Mitt líf

Markmið

Að nemendur skoði lífsvenjur sínar og heilbrigði. Í lok áfangans eiga nemendur að hafa öðlast skilning á mikilvægi þess að temja sér heilbrigðan lífsstíl.

Kennslutilhögun

Fjallað verður um þætti eins og hollt mataræði, hreyfingu, slökun, snyrtingu, förðun og hár. Lögð verður rík áhersla á forvarnir. Nemendur skoða sjálfsmynd sína ásamt framkomu og viðhorfi til sjálfs síns og annarra sem verða á vegi manns í lífinu. Skoðaðar verða dyggðir eins og þolinmæði, tillitsemi og kurteisi.

Námsmat

Virkni og vinna í tímum 40%, verkefni 30%, glósur 30%

Uppeldi og menntun

Markmið

Að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi á menntastofnunum og fái innsýn í þau störf sem þar eru unnin s.s. í grunnskóla, leikskóla og á bókasafni. Einnig öðlast nemendur grunnfærni í skyndihjálpi.

Kennsluhættir

Valáfanginn byrjar á námskeiði í skyndihjálpi.

Eftir það fara nemendur á vinnusvæði og eru á hverju svæði í 2 kennslustundir á viku í u.þ.b. 3-4 vikur í senn. Nemendur aðstoða starfsmenn í yngri bekkjum skólans, á bókasafni og í leikskólum. Nemendur skila stuttri greinagerð þegar kynningu á vinnusvæði lýkur.

Námsmat

Ástundun, sjálfstæð vinnubrögð, virkni 70%, verkefni 20% og kynning 10%

Blindskrift og fingrasetning

Markmið

Að nemendur:

- læri rétta fingrasetningu á lyklaborð
- geti ritað á tölvu án þess að horfa á lyklaborð, blindskrift
- geti a.m.k. skrifað 20 orð á mínútu með blindskrift

Kennslutilhögun

Forritið Ritfinnur verður notað til að þjálfra rétta fingrasetningu og blindskrift. Regluleg hraðapróf.

Námsmat

Tímavinna 40%, hraðapróf 60%

Skrautskrift

Markmið

Að nemendur

- læri að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrif
- læri myndun stafa, stafagerð, form þeirrar og lögun
- læri einfaldar skreytingar s.s. lykkjur og skyggingar

Kennslutilhögun

Nemendur læra með tilsögn kennara að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrift. Þegar búið er að ná tökum á beitingu verkfæra er farið í myndun stafa og stafagerð. Nemendur æfa sig í tímum eftir forskrift og smám saman læra þeir einnig einfaldar

skreytingar. Auk verkefna í tímum vinna nemendur verkefni heima sem þeir safna í nemendamöppu.

Námsmat

Yfir önnina safna nemendur öllum sínum verkefnum í nemendamöppu sem þeir skila í lok annar. Verkefnamappa 30%, heimavinna 10%, ástundun, virkni, áhugi og vinnubrögð 60%

Bókfærsla

Markmið

- að nemendur geri sér grein fyrir hugtökunum gjöld, tekjur, eignir og skuldir
- að nemendur kynnist almennum færslum í dagbók
- að nemendur öðlist einhvern skilning á uppgjöri
- að nemendur geti sett fram einfaldan efnahags- og rekstrarreikning

Námslýsing

Fjallað er um grundvallaratriði bókhalds, dagbókarfærslur og reikningsuppgjör. Nemendum er gerð grein fyrir hlutverki bókara og tilgangi bókhalds og sagt frá helstu bókhaldslögum. Þeim er kennt að merkja fylgiskjöl og færa dagbók eftir þeim. Stefnt er að því að heimsækja bókhaldsfyrirtæki Mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð nemenda, nákvæmni og frágang.

Kennslugögn

Færslubók og ljósrit frá kennara.

Námsmat

Heimaverkefni og próf 40%, vinna og ástundun 30%, tímaverkefni 30%.

Íþróttافرæði

Markmið

Að nemandinn:

- fái aukna hreyfingu
- öðlist grunnþekkingu á gildi heilbrigðra lífshátta s.s næringarþörf og orkuþörf
- kunni skil á helstu hugtökum þjálfifræðinnar s.s þoli, krafti, hraða, liðleika, samhæfingu, upphitun, hvíld og endurheimt
- geti sett sér markmið og skipulagt hvernig hann nær þeim

Kennslutilhögun

Í verklegum tímum fá nemendur sem mest að reyna sjálfir hinar ýmsu íþróttagreinar og mismunandi form þjálfunar. Í bóklegum tímum verða fyrirlestrar, glærur og glósur, ásamt verkefnavinnu. Spurt og spjallað. Nemendur vinna eitt stórt verkefni.

Námsmat

50% verkefnavinna/próf, 20% stærra verkefni/ritgerð, 30% ástundun og virkni.

Útivist/frelsi/náttúruskoðun

Markmið

- að nemendur læri að undirbúa og útbúa sig fyrir gönguferðir
- að nemendur kynnist umhverfi sínu betur
- að nemendur læri að taka tillit til annarra
- að nemendur kynnist veikum og sterkum hliðum sínum við misjafnar aðstæður

Kennslutilhögun

Kennt verður hvernig á að taka til það sem nauðsynlegt er að hafa meðferðis í stuttum og/eða lengri gönguferðum.

Farið verður í 4 gönguferðir um áhugaverða staði í nánasta umhverfi.

Farið verður yfir landafræði og gróður á svæðinu sem gengið verður um.

Áætlaðar gönguleiðir eru: Keilir og Lambafellsgjá, Snorrastaðatjarnir og nágrenni, Reykjanesviti og nágrenni og Selatangar.

Nauðsynlegt er að eiga góða gönguskó og bakpoka og að vera tilbúin til útivistar í hvaða veðri sem er.

Ef gönguferðir taka lengri tíma en kennsla gerir hverju sinni verður kennsla felld niður á móti göngutímum. Ekki verður prófað í þessari grein.

Námsmat

Tekið verður tekið tillit til jákvæðni, hjálpssemi og undirbúnings.

Íþróttir/þjálfun

Þátttakendur

Þetta valfag er fyrir nemendur sem stundað hafa sömu íþróttina undanfarin tvö ár eða lengur. Aðeins kemur til greina að viðurkenna þjálfun nemenda sem stunduð er hjá deildum íþróttafélaga sem hlotið hafa viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag/fyrirmyndardeild. Nemendur greiða sjálfir æfingagjöld og annan kostnað til íþróttafélagsins.

Markmið

Að viðurkenna störf nemenda innan íþróttafélaganna og hvetja þá til að taka íþrótt sína alvarlega og öðlast meiri skilning á uppbyggingu þjálfunarinnar og þeim þáttum sem áhrif hafa á árangur í íþróttum.

Kennslutilhögun

Nemendur stunda þjálfun sinnar íþróttagreinar hjá sínu íþróttafélagi undir stjórn þjálfara. Heiðarskóli metur þjálfunina til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Heiðarskóli tilnefnir kennara sem hefur umsjón með að nemendur stundi þjálfun sína af vinnusemi og alvöru.

Nemendur mæta til fundar við kennara í Heiðaskóla í upphafi skólaárs, í nóvember, janúar og apríl. Fundirnir verða kl. 15:30 á virkum degi eða kl 14:00 á föstudegi og tekur hver fundur u.þ.b. 1 klst.

Námskröfur

Nemendur mæta til allra æfinga sem þjálfari gerir kröfur um. Félag/deild viðkomandi íþróttagreinar leggur fram kennslu og æfingaskrá þar sem fram koma markmið þjálfunar, sbr. Handbók fyrirmyndarfélags ÍSÍ.

Námsmat

Í lok skólaárs fá nemendur einkunn á vitnisburðarblað. Námsmat verður sett saman úr mati þjálfara á ástundun og einkunnum nemenda fyrir verkefni vetrarins.

Björgunarsveit

Í samstarfi við Björgunarsveitina Suðurnes

Nemendur sem starfa í unglिंगadeild björgunarsveitarinnar geta fengið þjálfun sína þar metna sem hluta af vali í skólanum.

Valið er hugsað fyrir nemendur í 10. bekk og þá nemendur í 9. bekk sem hafa verið í unglिंगadeild björgunarsveita í a.m.k. 1/2 ár.

Kennari í skólanum er í góðum tengslum við umsjónarmann verkefnisins hjá björgunarsveitinni. Kennarinn fylgist með mætingum, ástundun og framförum nemenda.

Markmið

- að nemendur kynnist starfi björgunarsveita
- að efla skilning nemenda á mikilvægi björgunarmála
- að meta til náms æfingar nemenda varðandi björgunarmál
- að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar ástundunar
- að efla félagsþroska nemenda

Námsmat byggir á vinnu og virkni nemenda.

Íþróttir í félagsmiðstöð - í samstarfi við Félagsmiðstöðina Fjörheima

Valáfanginn fer fram að kvöldi til í Fjörheimum, Víkingabraut 749

Nemendur sem stunda íþróttir í félagsmiðstöð geta fengið þjálfun sína þar metna sem hluta af vali í skólanum.

Markmið

- að nemendur kynnist þeim íþróttum sem jafnan eru stundaðar í félagsmiðstöðvum ungmenna
- að efla félagsfærni nemenda
- að auka hreyfingu nemenda

Kennslutilhögun

Nemendur mæta á mánudögum kl. 19.30 – 21.00.

Íþróttir eru kynntar og nemendur læra reglur, tilgang og uppruna þeirra

Meðal íþróttar sem kynntar verða eru: borðtennis, pílukast, þyðhokki, bandí, skák, ballskák og félagsvist. Nemendur sækja sér fróðleik á veraldar-vefnum ásamt því að spila viðkomandi íþrótt. Nemendur vinna ferilmöppu. Kennari í skólanum er í góðum tengslum

við umsjónarmann verkefnisins hjá félagsmiðstöðinni, hann fylgist með mætingum, ástundun og framförum nemenda.

Námsmat

Þátttaka í tímum og virkni 60%, ferilmappa 40%

Hljómsveitir - í samstarfi við Félagsmiðstöðina Fjörheima **Valáfanginn fer fram að kvöldi til í Fjörheimum, Víkingabraut 749**

Markmið

Að nemendur:

- kynnist íslenskri og erlendri tónlist
- kynnist þekktum tónlistarmönnum
- þjálfni hæfni sína í notkun hljóðfæris
- þjálfist í textagerð
- þjálfist í skipulögðum vinnubrögðum við tónsmíðar
- þjálfist í hópavinnu

Kennslutilhögun

Nemendur mæta á miðvikudögum kl. 19.30 – 21.00. Lögð er áhersla á að skoða tónlist út frá ólíkum hliðum þ.e. með myndböndum, bókum og veraldarvefnum. Nemendur þjálfna hæfni sína í notkun hljóðfæris og að vinna saman. Nemendur mæta með sín eigin hljóðfæri. Kennari í skólanum er í góðum tengslum við umsjónarmann verkefnisins hjá félagsmiðstöðinni, hann fylgist með mætingum, ástundun og framförum nemenda.

Námsmat

Tvær ritgerðir 50%, hópverkefni 20%, önnur verkefni 15%, ástund og hegðun 15%

